


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 2	<b>Áfangaheiti ÍSA 103 Kennsluáætlun Haustönn 2010</b>	

<b>Kennarar</b>	Anna Lilja Harðardóttir og Valgerður Dögg Jónsdóttir	<b>Sk.st.</b>	ALH, VAL
-----------------	--	---------------	----------


**Áfangalýsing:** Í áfanganum er lögð áhersla á íslenskan orðaforða, framburð, lestrarfærni og skilning. Áfanginn er hugsaður fyrir þá nemendur sem þurfa frekari undirbúning og aðstoð í íslensku til að geta stundað nám í íslenskum framhaldsskólum. Markmiðið er að nemendur hljóti þjálfun í að koma hugmyndum sínum fram í töluðu og rituðu máli, að þjálfra framburð, áherslur og hrynjandi. Nemendur auki orðaforða og lestrarfærni og hljóti fyrst og fremst málfræðikennslu í tengslum við málnotkun. Nemendur fá einnig fræðslu og innsýn í íslenska menningu.

#### Markmið áfangans:

- Að nemendur fái nokkra undirstöðu í íslenskri beygingarfræði og setningafræði.
- Að nemendur auki orðaforða sinn og skilning á mæltu og rituðu íslensku máli.
- Að nemendur geti skilið og tjáð sig í í rituðu máli við daglegt nám.
- Að nemendur geti tjáð sig munnlega um það sem viðkemur daglegu námi.
- Að nemendur auki almenna færni sína í daglegu íslensku máli.
- Að nemendur kynnist almennum hjálpargögnum við íslenskunám.

*Athugið: Með vikunúmeri er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.*

Vika	Námsefni	Verkefni
34 19. – 27. 8.	Kynning á áfanganum og vinnuskiptingu milli kennara og námsefni kynnt. Nemendur undirbúa kynningu á sjálfum sér	
35 – 37 30.8. -17.9.	Nemendur flytja eigin kynningu. Rætt um íslenska hljóðfræði (bls. 3 – 8 í OFO). Framburðarverkefni af ýmsu tagi. Farið í 2. kafla, um nafnorð bls. 11 – 19 í OFO og unnin ýmis verkefni.	Nemendur taka saman kynningu á sjálfum sér og flytja í tíma. Framburðar- og málfræðiverkefni.
38 – 39 20.9. – 1.10.	Fjallað um fallbeygingu nafnorða og unnin verkefni bls. 31 – 32 í OFO. Lesin smásaga og unnin verkefni. Fjallað um tíma, vikur, mánuði og árstíðir bls. 36 – 44 í OFO og unnin verkefni í tímum, auk þess sem nemendur vinna þemaverkefni.	Verkefni í málfræði . Þemaverkefni um mat og fæðutegundir, árstíðir, veður og ferðalög.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 2 af 2	<b>Áfangaheiti ÍSA 103 Kennsluáætlun Haustönn 2010</b>	

40 – 41 4.10. – 15.10.	Farið í persónufornöfn bls. 45 – 48 og unnin tímaverkefni. Farið í heiti lita og forma bls. 49 – 51 í OFO. Fjallað um föt bls. 52 – 54 í OFO og unnin tímaverkefni. Þemaverkefni um föt, þ.á.m. þjóðbúninga hinna ýmsu landa og farið í heimsókn á Minjasafnið til að skoða íslenska þjóðbúninga og sýningu um Akureyri undir leiðsögn safnvarðar.	Tímaverkefni í málfræði og ýmsu öðru. Þemaverkefni um fatnað, þjóðbúninga og annað sem tengist heimsókn á Minjasafnið
42 – 43 18. – 29.10.	Farið í eintölu/fleirtölu bls. 58 – 60 í OFO og unnin tímaverkefni. Lesin smásaga/ljóð í Speglinum og fjallað um þau. Byrjað á sagnorðum bls. 61 – 74 í OFO og unnin tímaverkefni. Þemaverkefni um sagnir og sagnbeygingu.	Tímaverkefni. Þemaverkefni um sagnir og notkun þeirra.
44 – 45 1.11. – 12.11.	Haldið áfram með sagnir og unnin ýmis konar verkefni úr þeim. Verkefni úr smásögu/ljóði. Vettvangsheimsóknir nemenda innan skólans.	Tímaverkefni úr sögnum. Þemaverkefni: „Nemendur bjarga sér“.
46 – 47 15. – 26.11.	Farið í orðaröð og setningar bls. 75 – 81 í OFO. Unnin tímaverkefni. Nemendur skrifa stutta ritgerð/frásögn á íslensku. Vettvangsheimsóknir í opinberar stofnanir.	Tímaverkefni. Þemaverkefni: „Nemendur bjarga sér“.
48 29.11. – 30.11.	Yfirlit yfir önnina. Staða nemenda könnuð. Unnin verkefni úr framangreindum atriðum. Þemaverkefni í almennri málnotkun.	Þemaverkefni í almennri málnotkun.

Tegund	Námsgögn
Bækur	<i>Orð fyrir orð</i> e. Evu Örnólfsdóttur, <i>Spegill. Spegill</i> (textasafn) í útgáfu Jóhannu Sveinsdóttur og Þuríðar Jóhannsdóttur 2005
Annað (t.d. ítarefni)	Hjálparefni á neti, ýmsar vefslóðir, aðrar kennslubækur.

Námsmat	Lýsing	Vægi
	Verkefni unnin yfir önnina	100%

#### Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils